

Skýrsla æskulýðsnefnda  
hestamannafélaganna í

Skagafirði



2013

Eins og undanfarin 2 ár stóðu hestamannafélögin í Skagafirði, Léttfeti, Stígandi og Svaði, saman að reiðnámskeiðum á virkum dögum og um helgar fyrir börn, unglunga og ungmenni á félagssvæðinu. Einnig stóðu þau saman að mótum og viðburðum í tengslum við æskulýðsstarfið. Á námskeiðin á virkum dögum mættu börn sem lengra eru komin eða hafa sótt námskeið undanfarna vetur og á helgarnámskeiðin mættu yngstu knaparnir, byrjendur og minna vanir sem og þau sem ekki höfðu tök á að mæta á virkum dögum.

Auglýst var eftir kennurum í nóvember til að hafa yfirumsjón með annarsvegar helgarnámskeiðinu og hinsvegar námskeiðinu á virku dögum. Vetrarstarfið hófst svo seinnipartinn í janúar. Helgarnámskeiðið var kennt á 5 helgum (aðra hvora helgi), bæði laugardag og sunnudag. Vikulega námskeiðið var kennt á þriðjudögum og fimmtudögum eftir kl. 17:00 í 10 vikur. Börnunum var skipt í hópa eftir getu og færni. Í helgarstarfinu voru tveir hópar í kennslu í senn og var reiðhöllinni skipt í tvennt. Á virkum dögum var einn hópur í kennslu í senn. Úrvalsið reiðkennara sá um kennslu og leiðsögn, þau Elvar Einarsson, Hafdís Arnardóttir, Ingunn Sandra Arnþórsdóttir, Sölvi Sigurðsson og Þórarinn Eymundsson.



Haldinn var lokahittingur þriðjudaginn 11. júní þegar sauðburði var að mestu lokið í sveitinni svo allir þátttakendur gætu mætt og tekið þátt. Farið var í heimsókn í Varmaland til þeirra heiðurshjóna Sigurgeirs Þorsteinssonar og Birnu Sigurbjörnsdóttur, þar fengum við að skoða hesthúsið og aðstöðuna hjá þeim og sjá hvernig þjálfun á vatnsbretti fer fram. Þetta var bæði fróðlegt og skemmtilegt og spurðu börnin margra spurninga um vatnsbrettið og þjálfun því tengdu.



Síðan var haldið í KS Varmahlíð í hamborgara og svo í sund í sundlauginu í Varmahlíð og ærslast og leikið sér. Sú hefð hefur skapast að allir þátttakendur í vetrarstarfi hestamannafélaganna fá afhenta gjöf eftir veturinn. Svo var einnig nú og fengu börnin flotta ábreiðu til að setja á hestinn sinn þegar þurfa þykir og kemur efalaust að góðum notum hjá þeim sem þurfa að ferðast með hestinn sinn á milli heimilis og Sauðárkróks að vetrinum til að sækja námskeiðið.



Inn í vetrarstarfið fléttuðust æfingar fyrir sýningarnar Tekið til kostanna, sem haldin var 27. apríl og Æskan og hesturinn, sem var í Skagafirði að þessu sinni og var haldin í reiðhöllinni Svaðastaðir 4. maí. Kennararnir Hafdís Arnardóttir og Elvar Einarsson höfðu umsjón með æfingunum og sýningaratriðunum fyrir þau sem tóku þátt. Sáu þátttakendur um gerð atriða í samráði við þau og völdu tónlist. Sýningarnar tókust mjög vel og það var gaman að sjá dugnað og metnað barnanna þar sem þau lögðu sig öll fram og komu fram sem ein heild og allt gekk upp. Þátttakendur í sýningunni Æskan og hesturinn, komu frá hestamannafélögunum, Léttir á Akureyri, Hring frá Dalvík, Þyt úr Vestur-Húnavatnssýslu og frá Léttfeta, Stíganda og Svaða í Skagafirði.





Grunnskólamót hestamannafélaganna á Norðurlandi vestra var á sínum stað og eflist með hverju árinu. Það er samstarfsverkefni Léttfeta, Stíganda, Svaða, Neista og Þyts. Mótin voru þrjú og var keppt í fegurðarreið, tölti, fjórgangi, smala og skeiði. Mótin voru haldin í reiðhöllinni á Hvammstanga, Blönduósi og Sauðárkróki. Þetta var fimmti veturinn sem þau eru haldin og vex þátttakan á hverju ári og mikil framför er sjáanleg hjá keppendum. Mót þessi auka samheldni skólafélaga og skapa vináttutengsl milli skóla. Á þessum mótum er keppt um farandbikar sem stigahæsti skóli fær til varðveislu og hefur Varmahlíðarskóli hneppt hann þessi fimm ár sem mótið hefur verið haldið, en oft er mjótt á munum og verða úrslit oft ekki ljós fyrr en í síðustu keppnisgrein. Stigahæsti knapi í hverjum aldursflokki fékk viðurkenningu, en flokkarnir eru þrír þ.e. 1.-3. bekkur, 4.-7. bekkur og 8.-10. bekkur.

Fyrir hönd æskulýðssnefnda hestamannafélaganna

Guðrún Margrét Sigurðardóttir  
Kristín Brynja Ármannsdóttir  
Rósa María Vésteinsdóttir

